

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og -eyðingu í Stykkishólmi.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald), sbr. 9. grein samþykktar um sorphirðu í Stykkishólmi nr. 135/2002.

2. gr.

Bæjarstjórn hefur ákveðið að innheimta gjald vegna sorphirðu mánaðarlega samkvæmt flokkun eða vigt. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúarhúsnæði kr. 14.000 á íbúð.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar, sem njóta sorphirðu eins og heimili, 240 l tunna á kr. 14.000.

Gjald sbr. a- og b-lið má innheimta með fasteignagjöldum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir leigu á kerjum og gámum.

4. gr.

Innheimt er fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði á hverjum tíma.

Bæjarstjórn innheimtir gjald fyrir móttækið sorp á gámastöð:

Fyrir brotamálm greiðast kr. 7.500 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olfur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir dekk greiðast kr. 4.500 fyrir hvern m³, fyrir skorin dekk greiðist kr. 2.000 m³.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 5.000 fyrir m³.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.500 fyrir m³.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 8.000 fyrir m³.

Fyrir blandað ópressanlegt sorp greiðast kr. 11.000 fyrir m³.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 2.000 á rúm-metra. Innheimta samkvæmt 3. og 4. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings. Virðisaukaskattur er innifalinn í verðinu.

5. gr.

Íbúar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðu heimilissorpi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöð.

Tekið verður gjald fyrir spilliefni samkvæmt útlögðum kostnaði, að frádregnu skilagjaldi.

6. gr.

Húseigendum og fyrirtækjum sem njóta sorphirðu eins og heimili er í upphafi afhent 240 l sorpilát án endurgjalds. Endurnýjun sorpiláta er á kostnað húseigenda og fyrirtækja.

7. gr.

Fyrirtæki og stofnanir sem gera samning beint við sorphirðuverktaka og valda ekki kostnaði fyrir bæjarsjóð eru undanþegin álagningu sorphirðu- og sorpeyðingargjalda.

Skilyrði þess er að enginn kostnaður falli á bæjarsjóð.

8. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um leið fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 157/1998.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólms.

Stykkishólmi, 17. janúar 2002.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.